

Alþingi
Erindi nr. P 141/1862
komudagur 5.3.2013



Alþingi
Þórunn P. Jónsdóttir
Alþingishúsið við Austurvöll
150 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is

Reykjavík 4. mars 2013
Tilv.: FJR13030017/3.0

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum um heimild til rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár. Þingskjal 563, 449. mál, 141. löggjafarþing 2012 - 2013.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið lýsir ánægju með að Alþingi hafi til umfjöllunar frumvarp sem lýtur að rafrænum íbúakosningum og gerð rafrænnar kjörskrár. Það er mat ráðuneytisins að með því sé stigið mikilvægt skref í rafrænni stjórnsýslu á Íslandi. Í frumvarpinu er hins vegar ekki að finna ákveðnar lágmarkskröfur til auðkenningar og telur ráðuneytið að bæta þurfi úr því. Ásamt rafrænni kjörskrá er örugg auðkenning forsenda þess að rafrænar kosningar geti átt sér stað. Undanfarin ár hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið átt og rekið svonefnda Íslandsrót (<http://www.islandsrot.is/>) og undir henni eru gefin út fullgild rafræn skilríki (<http://skilriki.is/>) sem uppfylla öryggiskröfur sem gerðar eru til auðkenningar á alþjóðavettvangi um rafrænar kosningar. Á grundvelli samstarfs ríkis og banka hefur Íslendingum gefist kostur á að verða sér úti um rafræn skilríki sér að kostnaðarlausu á undanföllum árum og nú er svo komið að tæplega 40% allra landsmanna 15 ára og eldri eiga virkjuð rafræn skilríki.

Innleiðing og útbreiðsla rafrænna skilríkja er ekki komin eins langt á veg og vonir voru bundar við í upphafi. Margt spilar þar inn í, m.a. ónógt framboð á þjónustu ríkisins þar sem krafist er rafrænna skilríkja. Engu að síður er búið að byggja upp örugga grunngerð sem auðvelt er að bæta ofan á og ýmsir opinberir aðilar hyggjast nota í framtíðinni. Má í því sambandi nefna aðgang almennings að sjúkraskrá sem embætti landlæknis vinnur nú að og áform Ríkislögreglustjóra um að opna Málaskrá lögreglunnar, þannig að landsmenn hafi aðgang að upplýsingum um stöðu eigin mála. Hjá báðum þessum aðilum verður krafist öruggustu auðkenningar sem völ er á og kemur notkun rafrænna skilríkja þar helst til álita. Auk þess má nefna að unnið er að gerð rafrænna þinglýsinga sem mun leiða til mikillar hagræðingar og tímasparnaðar hjá bönkum og fjármálastofnunum. Gert er ráð fyrir að fullgildar rafrænar undirskriftir verði fyrir valinu í því ferli en eingöngu er mögulegt að undirrita þannig með notkun rafrænna skilríkja.

Það veldur fjármála- og efnahagsráðuneytinu nokkrum áhyggjum að samkvæmt umræddu frumvarpi og í athugasemdum við það sé gert ráð fyrir að Þjóðskrá Íslands verði falið að vinna að þróun og uppbyggingu á nýju auðkenningarkerfi í stað þess að nýta núverandi innviði ríkisins og styrkja fyrirliggjandi lausnir. Kostnaður við gerð, uppsetningu og rekstur nýs kerfis er umtalsverður, auk þess sem innleiðing slíks kerfis tekur langan tíma.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það „falli vel að stefnunni um

upplýsingasamfélagið Netríki Íslands þar sem eitt af markmiðum er m.a. að auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku og samskipta við opinbera aðila og gera tilraunir með rafrænar kosningar á sveitastjórnarstigi“. Vert er að hafa í huga að Íslandsrót og rafræn skilríki falla undir þessa stefnu. Eitt af meginmarkmiðum með þróun og útgáfu skilríkjanna er notkun þeirra við kosningar á borð við þær sem um ræðir í frumvarpinu.

Með vísan til framangreinds gerir fjármála- og efnahagsráðuneytið athugasemdir við rangfærslur eða misskilning sem fram koma í umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarpið. Þar segir: „Hingað til hafa Íslendingar ekki átt auðkenningarleið sem hefur bæði uppfyllt kröfur um öryggi og útbreiðslu. Því hefur innanríkisráðuneytið ákveðið að taka í notkun nýjan veflykil, „Íslykil“, sem uppfyllir kröfur ESB um fullvissustig 2 og 3.“ Þetta er beinlínis rangt. Þvert á það sem haldið er fram hafa Íslendingar átt auðkenningarleið sem hefur bæði uppfyllt kröfur um öryggi og útbreiðslu. Rafræn skilríki, útgefin af Íslandsrót, er auðkenningarleið í eigu ríkisins og þar með Íslendinga. Öllum debetkorthöfum hafa gefist tækifæri á að fá rafræn skilríki sér að kostnaðarlausu og nú þegar er búið að framleiða 330 þúsund rafræn skilríki. Þau eru auk þess öruggasta auðkenningaleið sem völ er á. Þá vekur ráðuneytið athygli á að Evrópusambandið hefur ekki samþykkt neinar kröfur um fullvissustig líkt og lesa má úr athugasemdum Þjóðskrár, heldur er verið að vísa til fullvissustigaskema sem unnið hefur verið í verkefni á vegum Evrópusambandsins og kallast STORK. Fjármála- og efnahagsráðuneytið leiddi þátttöku Íslands í því verkefni og stýrði einu af sex tilraunaverkefnum STORK.

Í frumvarpinu er ekki minnst einu orði á rafræn skilríki, né heldur er vikið að þeim í umsögn Þjóðskrár Íslands. Fjármála- og efnahagsráðuneytið telur að slíkt sé ekki ásættanlegt í tengslum við þetta mikilvæga mál, því örugg rafræn auðkenning er ein meginforsenda fyrir að frumvarpið nái fram að ganga.

Ráðuneytið vekur athygli á því að það kerfi sem Þjóðskrá vinnur nú að svipar mjög til veflykils ríkisskattstjóra. Það auðkenningarkerfi uppfyllir ekki öryggiskröfur sem nauðsynlegar eru vegna rafrænna kosninga. Auðkenningarkerfi Þjóðskrá gerir það ekki heldur.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið vill beina þeim tilmælum til Alþingis að í stað þess að ráðast í kostnaðarsamar og tímafrekar aðgerðir við að þróa og starfrækja enn eina auðkenningaleiðina, verði núverandi kerfi rafrænna skilríkja fyrir valinu, enda uppfyllir það meginforsendur um rafrænar íbúakosningar. Nær væri að efla það kerfi með því að hvetja til aukinnar notkunar á því.

Fyrir hönd ráðherra


Angantýr Einarsson


Sverrir Jónsson